



HRUNAMANNAHREPPUR

12. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

18. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 15. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir í forföllum Bjarneyjar Vignisdóttur, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar var lögð fram dagskrárbreytingatillaga um að við bættist liður 15, beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar vegna leikskólans Undralands frá 6. desember sl.

Lögð fram fundargerð 4. fundar Skólanefndar vegna leikskólans Undralands.

Sveitarstjóri fór yfir fundi sem fram hafa farið með fulltrúum fræðslunefndar, sveitarstjóra, oddvita, staðgengli leikskólastjóra og einnig með deildarstjórum vegna mönnunar leikskólans. Ljóst er að um áramót mun vanta starfsmenn ef ekki rætist úr, þó eru nú nokkuð góðar vonir um að gott fólk bætist í hópinn á næstu vikum.

Undir lið 1 í fundargerðinni samþykkir sveitarstjórn tillögu skólanefndar um að engin ný börn verði tekin inn í skólann á næstu mánuðum vegna starfsmannaskorts nema að staðan breytist. Staðan verður endurmetin í byrjun apríl. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að veita 50% afslátt af desember gjöldum (vistun og mat) ef foreldrar nýta sér ekki vistun milli jóla og nýárs.

Varðandi tillögu skólanefndar um breytingu á gjaldskrá vísar sveitarstjórn henni til umræðu undir lið 8.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings bs.: Fundargerð aðalfundar frá 24. nóvember sl.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. frá 24. nóvember sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

3. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 18. nóvember 2022.

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á skipulagi barnaverndar sem taka gildi 1. janúar 2023. En þá verða barnaverndarnefndir sveitarfélaga lagðar niður og í stað þeirra munu sveitarfélög reka barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar.

Sveitarstjóri kynnti breytingar sem gerðar hafa verið á samningi um umdæmisráð barnaverndar eftir að hann var samþykktur í sveitarstjórn gögn vegna málsins voru send til sveitarstjórnarmanna fyrir fundinn. Sveitarstjórn samþykkir að leið 1 verði valin og sveitarstjóra falið að koma þeim skilaboðum til undirbúningsnefndar.

Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir umsókn sem send hefur verið fyrir hönd sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóa með ósk um undanþágu frá 6000 íbúa marki barnaverndar.

Að öðru leyti er minnisblaðið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóri kynnti einnig erindi er hefur borist frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi mögulegrar breytingar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna vanfjármögnunar málaflokks fatlaðs fólks. Ef af verður mun þurfa að boða til aukafundar sveitarstjórnar fyrir árslok til að ákvarða nýja útsvarsprósentu.

4. **Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 5. desember 2022.**

Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um breytingar á barnaverndarþjónustu sveitarfélaga í samræmi við ofangreint.

Lagt fram til kynningar.

5. **Umsagnarbeiðni frá Þjóðskjalasafni Íslands frá 7. desember 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Þjóðskjalasafni Íslands um drög að reglum um varðveislu og eyðingu á skjölum úr fjárhagsbókhaldi afhendingarskyldra aðila.

Lagt fram til kynningar.

6. **Fjárhagsáætlun 2023: Seinni umræða. Ásamt þriggja ára áætlun 2024-2026.**

Lögð fram fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps vegna ársins 2023, til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun árána 2024 – 2026.

Á fundinum kynnti sveitarstjóri einnig greinargerð sem send hefur verið öllum sveitarstjórnarmönnum og kynnt verður íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun kom eftirfarandi fram:

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 23,5 m.kr..
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 43,1 m.kr..
- Skuldaviðmið að teknu tilliti til ákvæða reglug. 502/2012 74,6% í árslok 2023.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 141,8 m.kr. 9% af heildartekjum.
- Veltufjárhlutfall 2023 verður 1,45.
- Útsvarsprósenta óbreytt, eða 14,52%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkuð til að mæta hækkun fasteignamats.
- Gjaldskrár hækki í samræmi við verðbólgu síðastliðins árs að jafnaði eða um 9,33%
- Áætlaðar fjárfestingar ársins 2023 nema 390 m.kr..

Við framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu er gert ráð fyrir að áætlaðar heildartekjur Hrunamannahrepps (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 1.637.468,- m.kr. fyrir árið 2023. Þar af eru skatttekjur (útsvar og fasteignaskattur) áætlaðar kr. 741.087,- milljónir og hækka þær um 85,3 m.kr. á milli ára frá útkomuspá ársins 2022 sem er um 13% hækkun. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 217,2 m.kr. samanborið við 192,5 m.kr samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2022 og nemur það um 13% hækkun milli ára.

Framlög Jöfnunarsjóðs námu 196,8 m.kr. á árinu 2021. Aðrar tekjur A og B hluta eru 679,5 m.kr..

Launakostnaður A hluta fyrir árið 2023 nemur um 771,8 m.kr. en til samanburðar nemur áætlaður launakostnaður A hluta um 666,6 m.kr. á árinu 2022 samkvæmt útkomuspá sem gerir um 15,7% hækkun á milli ára. Sé horft til aukningar í launakostnað frá rauntölum 2021 miðað við fjárhagsáætlun ársins 2023 nemur hækkunin 26,9% og er ljóst að slíkar launahækkanir taka verulega í reksturinn. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 267 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu A og B hluta því jákvæð um 23,56 m.kr..

Rekstrarafkoma A og B hluta samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun A og B hluta fyrir árið 2023 er jákvæð um 23,5 m.kr..

Rekstrarafkoma A hluta, aðalsjóðs, er jákvæð um 43,1 m.kr. á árinu 2023. Rétt er að taka það hér fram að framlegð (EBITDA) A og B hluta rekstrar Hrunamannahrepps er jákvæð um 212,2 m.kr.. En framlegð (EBITDA) A hluta er jákvæð um 80,4 m.kr.. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er jákvæð um 128 milljónir sem er 7,8% af tekjum.

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins munar miklu um hækkun verðbóta þáttarins en vaxtagjöld og verðbætur árið 2023 gætu orðið 106,5 m.kr. og þar af er hækkun verðbóta samstæðu A og B hluta 73,4 m.kr..

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna heimsfaraldurs Covid samþykkti ríkisstjórnin að ákvæði í lögum varðandi skuldahlutfall og jafnvægisreglu yrðu felld út. Nær sú ákvörðun til árána 2023, 2024 og 2025. En þrátt fyrir þessa heimild gætir sveitarstjórn að því að skuldir sveitarfélagsins séu þónokkuð frá skuldaviðmiðmiðinu sem er 150% af tekjum og verður sú raunin á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán árið 2023 í A-hluta 350 m.kr. og að Hitaveita Flúða taki 10 m.kr. lán á árinu 2023. Skuldahlutfall Hrunamannahrepps að teknu tilliti til ákvæða reglugerðar 502/2012 verður 74,6% árið 2023. Fer hlutfallið í 75,7% árið 2024 en lækkar svo eftir það.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að nettó fjárfestingar verði í samstæðu A og B hluta 390 m.kr. Fjárfesting í A hluta muni nema 277,5 m.kr.. Helstu fjárfestingar ársins 2023 sem og fjárfestingar 2024, 2025 og 2026 eru eftirfarandi:

Stærsta einstaka fjárfesting ársins 2023 eru kaup á neðri hæð og kjallara Hrunamannavegar 3. Einnig eru framundan ýmsar breytingar hjá stofnunum sveitarfélagsins með það fyrir augum að þær nýtist enn betur íbúum í öflugu vaxandi samfélagi. Er þar sérstaklega horft til betri aðstöðu og aðgengi líkamsræktar og að koma megi fyrir aðstöðu fyrir sjúkráþjálfara. Haft verður ríkulegt samráð við forstöðumenn og starfsmenn stofnana við allar breytingar svo tryggja megi góða sátt um verkefni.

Uppbygging er að hefjast á Byggð á Brikum og gerður hefur verið verksamningur við Gröfutækni ehf þar um. Þar er í fyrsta áfanga gerð ráð fyrir 25 íbúðum við Fannborgartanga.

Á árunum 2024 – 2026 er gert ráð fyrir að fjárfestingar samstæðu Hrunamannahrepps muni samtals nema 235 m.kr. og að tekin verði ný langtímalán til að mæta þeim að upphæð 230 m.kr.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þriggja ára áætlun er hér sett fram miðað við þær forsendur sem í dag liggja fyrir og langtímaspár. Aftur á móti vitum við að ýmislegt getur gerst sem raskað getur þeim spá eins og staðan síðustu misserin hefur svo rækilega sannað. Heimsfaraldur inflúensu var ekki eitthvað sem við gátum átt von á, tilheyrandi efnahagslegur óstöðuleiki á heimsvísu sem enginn endir er á og ekki bætir stríð í Evrópu fyrirsjáanleika fjárhagsáætlunargerðar næstu missera.

Kjarasamningar á Íslandi hafa einnig verið með þeim hætti að erfitt ef ekki ómögulegt hefur reynst að áætla fyrir þeim hækkunum sem þar hafa orðið reyndin. Óskandi er að meira jafnvægi verði í fjárhagslegu umhverfi sveitarfélaga á næstu misserum.

Umræða um tekjustofna sveitarfélaga verður sífellt háværari um leið og kröfur til þessara sömu sveitarfélaga um bætta þjónustu, bæði frá íbúum og löggjafarvaldinu, eru endalausar. Miklvægt er að það náist sátt um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélög landsins verði sjálfbær til lengri tíma litið. Því miður er það ekki reyndin í dag, nema í undantekningartilfellum.

En í Hrunamannahreppi er bjart framundan. Leiðin liggur upp á við með uppbyggingu, fleiri íbúum og fjölbreyttari atvinnu. Við setjum markið hátt og viljum búa íbúum og fyrirtækjum framúrskarandi aðstæður með það að markmiði að íbúum fjölgi, atvinnutækifærum einnig og að þannig skapist enn betri grunnur að rekstri sveitarfélagsins.

Rétt er í lokin að minna á að þriggja ára áætlun er hér sett fram með þeim fyrirvara að hún getur og mun taka breytingum þegar kemur að gerð fjárhagsáætlunar viðkomandi árs þegar taka þarf tillit til aðstæðna eins og þær verða á þeim tíma.

Fulltrúar L-listans lögðu fram eftirfarandi breytingartillögu við fjárhagsáætlun:

Lagt er til að fjárheimildir sundlaugar hækki um 1,0 m.kr..

Farið var í tilraunarverkefni með að hafa morgun opnun í sundlaugin frá 6:00-9:00 á fimmtudagsmorgnum og var fyrsta opnum 22. september síðastliðinn. Mikil ánægja hefur verið með opnunina og margir nýtt sér hana til að stunda heilsurækt fyrir líkama og sál áður en haldið er í vinnu. Í dag er sundlaugin opin yfir vetrartíman 16:00-20:30 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga, um helda er opið 13:00-18:00 og svo áður nefnd morgun opnun. Yfir vetrartíman er því opið í 31 klukkustundir.

Morgunopnunin á 10% af heildarmætingu sundlaugagesta frá því að verkefnið byrjaði samkvæmt forstöðumanni íþróttamannvirka, sem þýðir 10,3% af heildaropnunartíma sundlaugarinnar skilar 10% gesta. Vegna þess hversu vel hefur gengið með þessa tilraun leggjum við til að bætt verður við annari morgun opnun frá febrúar 2023 til reynslu út árið. Viðbótar kostnaður er áætlaður um 1 m.kr. en möguleiki er á auknum tekjum á móti og einnig mætti skoða að stytta morgunopnun til að kostnaðurinn verði lægri.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og jafnframt samþykkir hún fjárhagsáætlun árána 2023 – 2025 við síðari umræðu sem og meðfylgjandi greinargerð. Kostnaður rúmast innan áætlunar.

7. Tillaga að gjaldskrá Hrunamannahrepps 2023.

Lagðar fram tillögur að gjaldskrá Hrunamannahrepps fyrir árið 2023.

Á árinu 2023 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðna 12 mánuði eða um 9,33%. Þó eru einstaka undantekningar á þeirri reglu. Má þar nefna að ýmis gjöld tengd sorphirðu eru eingöngu hækkuð um 6-7% milli ára en áætlanir gera ráð fyrir að sú upphæð dugi fyrir rekstri á því sviði. Einnig munu verða breytingar á gjaldtöku í íþróttamannvirkjum þar sem árskort í íþróttamannvirkin hækka einungis óverulega eða um 3%. Er sú ákvörðun tekin með heilsueflandi sjónarmið að leiðarljósi.

Gerð tillaga um að öll börn á grunnskólaaldri, búsett í sveitarfélaginu, fái gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar).

Einnig er hér lögð fram tillaga um að frístundastyrkur til barna hækki úr kr. 30.000,- í kr. 50.000,- fyrir árið 2023. Sveitarstjóra falið að endurskoða reglur um hvatastyrki/frístundastyrki í samræmi við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir tillögur að gjaldskrám sem hér eru lagðar fram fyrir önnur fasteignagjöld, dýraleyfisgjöld, mótuneyti, skólavistun og gjaldskrá íþróttamannvirkja en nefndir sveitarfélagsins hafa þegar fjallað um allar gjaldskrár sem undir þær heyra.

8. Gjaldskrá leikskólans Undralands Flúðum fyrir árið 2023.

Lögð fram gjaldskrá leikskólans Undralands fyrir árið 2023

Sveitarstjórn samþykkir að breyta gjaldskrá Leikskólans Undralands á þann veg að ekkert gjald verði greitt fyrir vistun barna frá 8:00–14:00, óháð aldri. Aftur á móti verði tekið hóflegt gjald fyrir tímann milli kl. 14:00-15:00 eða kr. 6.000,-. Fyrir vistun milli kl. 14:00-16:00 verði greitt kr. 14.000,-. Með þessu tekur sveitarstjórn tillit til bókunar skólanefndar sem lagði til breytingar frá fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og þær breytingar sem þar eru lagðar til.

9. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps 2023, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2023 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

10. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi 2023, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

11. Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi 2023, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

12. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2023, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi fyrir árið 2023 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

13. Gjaldskrá Hrunaljóss 2023, seinni umræða.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss fyrir árið 2023 til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í stjórnartíðindum.

14. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps ársins 2023.

Lögð fram tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps ársins 2023. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

15. Smiðjustígur 15, forkaupsréttur

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Gimli þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustígur 15, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustígur 15, í Hrunamannahreppi, fastanúmer 224-8400 skv. samþykktum kaupsamningi um eignina.

16. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. desember 2022.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er greinagerð um úrgangsmál á Suðvesturlandi sem unnin var af Stefáni Gíslasyni hjá Umhverfiráðgjöf Íslands ehf. Verkefnið „Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku“ er hluti af átaki Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Samtaka um hringrásarhagkerfi“. Verkefnið hefur það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvangur upplýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun og er hugsað sem vettvangur sameiginlegrar þátttöku sveitarfélaga sem hafa ákveðið að standa saman að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram til kynningar en einnig er erindinu vísað til Umhverfisnefndar til umfjöllunar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Bergrisinn bs.: Fundargerð aðalfundar frá 15. nóvember sl. Ásamt úttekt Haraldar L. Haraldssonar á Bergrisanum.

Lagt fram til kynningar.

b. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 6. fundar framkvæmdastjórnar frá 8.12. sl..

Lagt fram til kynningar.

c. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 6. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 223. fundar frá 2. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 28. október sl.

Lagt fram til kynningar.

f. SASS: Fundargerð aðalfundar frá 27. og 28. október sl.

Lagt fram til kynningar.

g. SASS: Fundargerð 590. fundar stjórnar frá 2. desember 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:08.